



Umsókn um starfsleyfi þjónustuaðila loftgæðamælinga

6.016

Útgáfa 1.1
Dags. 15.07.2013

Samkvæmt reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011

1 UMSÆKJANDI

Nafn		Kennitala	
Heimilisfang		Staður og póstnúmer	
Sími		Farsími	
Netfang			

2 ÁBYRGÐARMAÐUR

Nafn ábyrgðarmanns	
Kennitala ábyrgðarmanns	

Undirskrift ábyrgðarmanns:

Ég : _____ Kennitala: _____

samþykki með undirskrift minni að bera faglega ábyrgð á loftgæðamælingum vegna hleðslu reykköfunartækja sem framkvæmdar verða á vegum umsækjanda, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1067/2011.

3 STARFSMENN

Nöfn og kennitölur starfsmanna umsækjanda sem munu annast loftgæðamælingar vegna hleðslu reykköfunartækja og hafa viðurkenningu Mannvirkjastofnunar til að inna slík störf af hendi:

Nafn	Kennitala	Viðurkenning MVS

4 MÆLING LOFTTEGUNDA

Loftegundir sem sótt er um heimild til að mæla:

- CO
- CO₂
- NO₂
- Olía
- Vatn

5 GÖGN SEM FYLGJA SKULU UMSÓKN

- Afrit af viðurkenningu Mannvirkjastofnunar á þeim starfsmönnum sem fyrirhugað er að sinni loftgæðamælingum vegna hleðslu reykköfunartækja ásamt afriti af viðurkenningu ábyrgðarmanns.
- Staðfesting á þriggja mánaða starfsreynslu ábyrgðarmanns hjá þjónstuaðila með starfsleyfi.
- Staðfesting á starfsþjálfun ábyrgðarmanns og starfsmanna hjá framleiðanda eða söluaðila þess búnaðar sem notaður er við loftgæðamælingar á vegum umsækjanda.
- Vottorð um kvörðun búnaðar sem notaður er við loftgæðamælingar vegna hleðslu reykköfunartækja.

6 UNDIRSKRIFT UMSÆKJANDA

_____ Dags.

_____ F.h. umsækjanda



Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs:

1 UMSÆKJANDI

Starfsleyfi er gefið út á nafn og kennitölu þjónustuaðila.

2 ÁBYRGARMAÐUR

Umsækjandi skal tilnefna ábyrgðarmann úr hópi þeirra starfsmanna sinna sem hafa viðurkenningu Mannvirkjastofnunar til að annast loftgæðamælingar vegna hleðslu reykköfunartækja. Ábyrgðarmaður ber faglega ábyrgð á að sú þjónusta sem veitt er á vegum umsækjanda og fellur undir reglugerð um þjónustuaðila brunavarna uppfylli gildandi kröfur.

Ábyrgðarmaður skal hafa minnst þriggja mánaða vottaða starfsreynslu hjá þjónustuaðila með starfsleyfi.

Ábyrgðarmaður skal undirrita eigin hendi þar til gerðan reit á umsóknareyðublaði til staðfestingar á að hann taki að sér að faglega ábyrgð á þeim loftgæðamælingum vegna hleðslu reykköfunartækja sem framkvæmdar eru á vegum umsækjanda.

3 STARFSMENN

Tilgreina skal alla þá starfsmenn sem fyrirhugað er að annast loftgæðamælingar vegna hleðslu reykköfunartækja á vegum umsækjanda. Þeir skulu hafa sótt námskeið sem Mannvirkjastofnun samþykkir, staðist próf að því loknu og fengið útgefna viðurkenningu Mannvirkjastofnunar því til staðfestingar, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 1067/2011. Það er skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis að þjónustuaðili hafi nægan fjölda viðurkenndra starfsmanna í sinni þjónustu.

Starfsmenn skulu einnig geta sýnt fram á að þeir hafi fengið fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningu hjá framleiðanda eða söluaðila mælibúnaðar samræmi við kröfur framleiðanda.

4 MÆLING LOFTTEGUNDA

Tilgreina skal þær loftgæðamælingar sem umsækjandi óskar eftir heimild til að annast.

Leiðbeiningar framleiðanda eða umboðsmanni búnaðar skulu vera tiltækar á starfsstöð umsækjanda. Leiðbeiningarnar skulu sýndar úttektarmanni Mannvirkjastofnunar við úttekt Mannvirkjastofnunar á starfsemi umsækjanda svo og þau tæki, mælibúnaður og varahlutir sem framleiðandi tilgreinir í sínum leiðbeiningum.

5 UNDIRSKRIFT UMSÆKJANDA

Hér skal umsækjandi skrifa undir þ.e. sá sami og er tilgreindur í lið 1, eða fulltrúi hans. Prenta þarf eyðublaðið út eftir að það hefur verið útfyllt og undirrita eigin hendi og koma til Mannvirkjastofnunar að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

6 GÖGN SEM FYLGJA SKULU UMSÓKN

Fylgigögn með umsókn má senda skönnuð sem viðhengi við tölvupóst á netfangið mvs@mvs.is eða með faxi á númer 591 6901. Senda skal afrit af umsókn með fylgigögnum.